

AUGLÝSING

um deiliskipulag Norður-Botns, Tálknafjarðarhreppi.

Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum 30. september 2014, deiliskipulag fyrir Norður-Botn í Tálknafirði.

Deiliskipulagið tekur til þess hluta jarðarinnar Norður-Botns í Tálknafirði sem ætlaður er fyrir fiskeldi og framkvæmdir því tengdar. Skipulagssvæðið liggur næst ströndinni og um láglandi í Botnsdal.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Tálknafirði, 14. nóvember 2014.

Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 28. nóvember 2014